

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR
HALDINN 28.02.2018 Á KIRKJUBÆJARSTOFU
Fundur nr. 153

Mættir eftirtaldir nefndarmenn:

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (D), Þorsteinn M. Kristinsson (D), Arndís Jóhanna Harðardóttir (Z), Ragnheiður Hlín Símonardóttir (Ó) og Sverrir Gíslason (Ó).

Þorsteinn ritar fundargerð.

Formaður setur fund og býður alla velkomna.

Heilsuleikskólinn Kæríbær kl. 13:15 – 14:15.

Mættir auk nefndarmanna: Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri, og Unnur Blandon, fulltrúi foreldra barna leikskólans.

1. Leikskóli – stækkun, staða mála.

Leikskólastjóri leggur fram teikningar af stækkun leikskólans. Hugmyndir kynntar.

2. Starfsmannamál.

Leikskólastjóri ræðir um að sjöunda starfsmanninn vanti við leikskólann eftir stækkun. Helst yrði það að vera deildarstjóri, því við stækkun verður leikskólinn með tvær deildir.

3. Skólanámskrá.

Er í vinnslu en langt komin. Er til yfirlstrar og vinnslu í samvinnu við leikskólaráðgjafa.

4. Starfsáætlun

Starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2018 lögð fram og staðfest af nefndinni.

5. Læsisstefna.

Leikskólastjóri kynnir vinnu við læsisstefnu fyrir leikskólann. Lögð fram til kynningar.

6. Eineltisáætlun

Unnið er að eineltisáætlun fyrir nemendur. Drög að henni lögð fram til kynningar.

7. Kynning á verkefnum.

a) Enskukennsla.

Tilraunaverkefni í enskukennslu kynnt.

b) Bókaormurinn.

Gengur út að auka samstarf við heimilin um lestur fyrir börnin. Sérstök dagbók send á heimilin. Bókin gengur milli heimilis og leikskólans.

c) Vináttuverkefnið.

Leikskólastjóri kynnir hugmyndir sínar um vináttuverkefni. Um að ræða forvarnarverkefni barnaheilla gegn einelti. Verkefnið heitir Vinátta (Fri for Mobberi).

8. Önnur mál.

- a) Innra mat leikskólans kynnt.

Tónlistarskóli Skaftárhrepps kl. 14:20 – 14:40.

Mættur auk nefndarmanna: Einar Melax, skólatjóri tónlistarskólans.

1. Flutningur tónlistarskóla.

Ræddur möguleiki á flutningi á tónlistarskóla. Í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda í heimavistarálmu skólans, fer fræðslunefnd fram á að tónlistarskólanum verði fundinn nýr staður í hentugara rými.

2. Önnur mál.

20 nemendur í skólanum, 12 í hálfu námi og 8 í heilu.

Kirkjubæjarskóli á Síðu.

1. Læsisstofna.

2. Skólareglur.

3. Reglur sem snúa að samskiptum skóla og heimilis.

4. Móttökuáætlun vegna erlendra nema.

5. Starfsáætlun.

6. Skólanámskrá.

7. Önnur mál.

Frestað að ósk skólastjóra.

Fræðslunefnd.

1. Bréf sem borist hefur nefndinni.

Bréfið lagt fyrir nefndina. Formanni fræðslunefndar falið að ræða við bréfitara og stjórnanda viðkomandi stofnunar, í samræmi við umræður fræðslunefndar.

2. Önnur mál.

- a) Reglur um skólaakstur.
Reglur um skólaakstur er í vinnslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Fundargerð er tölvuskráð og er 3 blaðsíður (bls. 13 – 15).

Fundarritari: Þorsteinn M. Kristinsson.

Auðbjörg B. Bjarnadóttir (sign)

Þorsteinn M. Kristinsson (sign)

Arndís Jóhanna Harðardóttir (sign)

Ragnheiður Símonardóttir (sign)

Sverrir Gíslason (sign)